

## SAMÞYKKT um hundahald í Dalvíkurbyggð.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og stjórnsýsla.*

Samþykkt þessi gildir um hundahald í Dalvíkurbyggð sem er á starfssviði heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra og sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda gilda ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra.

Samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fer með málefni hunda og hundahalds samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar, nema sérstaklega sé getið um eftirlit heilbrigðiseftirlits í samþykkt þessari. Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar annast framkvæmdina í umboði landbúnaðarráðs.

### 2. gr.

#### *Leyfi og bann við hundahaldi.*

Hundahald er heimilað í Dalvíkurbyggð, að fengnu leyfi, sbr. 3. gr., með þeim takmörkunum og að uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari.

Oheimilt er að hafa fleiri en two hunda eldri en 4 mánaða á sama heimili bæði í þéttbýli og á heimilum utan þéttbýlis sem ekki eru lögbýli í búrekstri.

Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir hundahaldi á lögbýlum, en skylt er að skrá þá á bæjar-skrifstofum Dalvíkurbyggðar.

### 3. gr.

#### *Leyfi til hundahalds.*

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar innan mánaðar frá því að hundur er tekinn inn á heimili, enda hafi samþykkis skv. 5. gr. verið aflað ef við á. Heimilt er þó að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða 4 mánaða, enda hafi samþykkis skv. 5. gr. verið aflað ef við á. Útgáfa leyfis er háð staðgreiðslu skráningargjalds. Við útgáfu leyfis fær leyfishafi afhenta merkta plötu, sbr. 9. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Dalvíkurbyggð. Listi yfir skráða hunda í Dalvíkurbyggð er aðgengilegur á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og uppfærður reglulega.

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirsandi skilyrðum:

- Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfi er persónubundið, óframsetjanlegt og bundið við heimili umsækjanda enda er það ófrávikjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn.
- Að fyrir liggi samþykki sameigenda fjöleignarhúss þar sem það á við, sbr. 5. gr.
- Að keypt sé ábyrgðartrygging vegna hundsins, sbr. 8. gr.
- Að hundurinn sé örmerktur, sbr. 9. gr.

Við mat umsóknar eða skráningar getur umhverfis- og tæknisvið leitað umsagnar löggreglu og annarra yfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft á afgreiðslu umsóknar.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrrí samþykktir sama efnis eða lög um velferð dýra, er heimilt að hafna umsókn hans.

### 4. gr.

#### *Bannaðar hundategundir.*

Óheimilt er að halda hunda af þeim tegundum sem tilgreindar eru í 13. gr. reglugerðar nr. 935/2004, um innflutning gæludýra og hundasædis.

## 5. gr.

*Hundar í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.*

Áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis tilskilins hluta íbúa og/eða eigenda annarra íbúða, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými í samræmi við ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi skal umsókn fylgja skriflegt samþykki þeirra eigenda og íbúa, sem hlut eiga að máli, sbr. 1. ml. Þegar íbúð umsækjanda hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, þá er veiting leyfis til hundahalds þó ekki háð samþykki annarra eigenda, enda er öll viðvera og/eða ferðir hundsins um slík rými eða sameiginlega lóð bönnuð nema þegar verið er að koma hundinum að og frá séreign. Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki skv. 1. mgr. einvörðungu til tiltekins hunds og gildir á meðan hann lifir. Heimilt er að afturkalla samþykki ef forsendur breytast verulega. Ástæður, sem réttlætt geta afturköllun, eru m.a. heilbrigðisástæður, svo sem ofnæmi, og óþægindi og ónæði, sem fer verulega fram yfir það sem telst venjulegt og eðlilegt.

Ef um er að ræða annars konar sameign en um getur í 1. mgr., eða nábýli af öðrum toga og sameigandi eða nágrenni telur hundahaldið fara í bága við rétt sinn og hagsmuni, s.s. vegna ítrekaðs eða verulegs ónæðis og færí hann fram gild rök og fullnægjandi gögn því til stuðnings, getur umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar synjað um umbeðið leyfi eða afturkallað áður veitt leyfi.

Ef íbúð í fjöleignarhúsi er leigð út skal leigusali upplýsa leigjanda um hvort hundahald er leyft í húsinu.

Ef eigandi íbúðar í fjöleignarhúsi, sem veitt hefur leyfi fyrir hundi í annarri íbúð, selur íbúð sína helst samþykkið fyrir þann hund á meðan hann lifir, sbr. þó 3. mgr.

## 6. gr.

*Skammtímaheimsóknir.*

Hundar sem ekki eru skráðir í Dalvíkurbyggð mega ekki dveljast þar lengur en í þrjá mánuði nema með leyfi umhverfis- og tæknisviðs og að fengnu samþykki samkvæmt 5. gr. sé um fjöleignarhús að ræða.

Um skammtímaheimsóknir hunda í húsum gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags.

## 7. gr.

*Hundaskrá, tilkynningarskylda eiganda.*

Upplýsingar um hunda skal skrá hjá umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar. Skrá skal heiti, skráningarnúmer og örmerkisnúmer. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Eiganda hunds ber að tilkynna umhverfis- og tæknisviði um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna umhverfis- og tæknisviði ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu. Eigendaskipti skal tilkynna með sama hætti.

## 8. gr.

*Ábyrgðartrygging.*

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hunds sem hann hefur leyfi fyrir. Skal ábyrgðartryggingin ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.

## 9. gr.

*Ormahreinsun, örmerking og merkiplötur.*

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári og skal Dalvíkurbyggð hafa frumkvæði að því að bjóða upp á slíka þjónustu í sveitarfélagini ár hvert. Skal eigandi hunds skila vottorði dýralæknis um ormahreinsun hundsins til umhverfis- og tæknisviðs fyrir 31. desember ár hvert.

Hundur sem sótt er um leyfi fyrir skal örmerktur af dýralæknis samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskrárráðsins, ISO 11784 eða 11785.

Hundar skulu ávallt bera ól með plötu um hálsinn, sbr. 1. mgr. 3. gr. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds.

10. gr.  
*Gjöld fyrir leyfi.*

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði af hundahaldi og framkvæmd samþykktar bessarar. Sveitarstjórn setur gjaldskrá samkvæmt 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Leyfisgjaldið greiðist einu sinni, við skráningu hunds. Eftirlitsgjald greiðist einnig við skráningu hunds, þ.e. hlutfallslega miðað við þann mánuð sem skráning fer fram og síðan árlega 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

Björgunarsveitar- og hjálparhundar eru undanþegnir eftirlitsgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir og skulu uppfylla skilyrði 3. gr.

Heimilt er að veita þeim eigendum hunda sem sótt hafa námskeið viðurkennds hundaþjálfara 50% afslátt af eftirlitsgjaldi í eitt skipti fyrir hvern hund.

11. gr.  
*Helstu variúðar-, aðgæslu- og umgengniskyldur.*

Eigendur og umráðamenn hunda skulu gæta þess vel, að hundar þeirra valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna, með stöðugu eða ítrekuðu ylfri eða gelti.

Eigendum og umráðamönnum hunda er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundana.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa, nema nytjahunda, sbr. þó 13. gr., þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss, sbr. þó 13. gr., og í umsjá manns sem hefur fullt vald yfir þeim. Heimilt er þó að hafa hunda lausa undir eftirliti ábyrgs aðila innan hundheldrar girðingar.

Aðeins er heimilt að tjóðra hund ef nauðsyn ber til og þá einungis undir eftirliti í skamman tíma og þannig að hundinum stafi ekki hætta af. Verði hundur uppvís að grimmd eða ógnandi hegðun tilkynnir sveitarfélagið eiganda um atvikið og ber eiganda að leggja fram atferlismat hundsins til sveitarfélagsins innan tíu virkra daga í framhaldi af því. Standist hundurinn ekki matið eða atferlismati er ekki skilað á tilsettum tíma skal hann tafarlaust aflifaður af dýralækni. Bannað er að árásarþjálfa hunda.

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra, eftir því sem við á.

12. gr.  
*Staðir þar sem hundar mega vera lausir.*

Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum:

- Á skilgreindum útvistarsvæðum fyrir lausagöngu hunda t.d. við Bæjarfjall.
- Innan hundaheldra girðinga og hundaæfingasvæða, sem merkt eru sem slík og samþykkt hafa verið af heilbrigðisnefnd.
- Á auðum svæðum, fjarri íbúðabyggð, þar sem ekki er von á búfé og með þeim takmörkunum sem getið er um í 13. gr.

13. gr.  
*Óheimilir staðir.*

Óheimilt er að hleypa hundum inn í opinberar stofnanir, skólahús, vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitir eða inn á aðra þá staði sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, nema í þeim tilvikum sem eru tilgreind í 19. gr. reglugerðarinnar, m.a. um heimildir fatlaðs fólks með hjálparhunda. Einnig er óheimilt að hleypa dýrum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli og inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum.

Heimilt er, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar og með samþykki heilbrigðisnefndar að veita undanþágu til að halda hunda á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um nytjahunda að störfum.

#### 14. gr.

##### *Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflifun, kostnaður.*

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal fára í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda um handsömunina svo fljótt sem auðið er. Eigandi hunds skal greiða allan kostnað við handsömun og geymslu hans áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Ef hunds er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti er heimilt að aflífa hundinn enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja hundsins geti haft í för með sér.

#### 15. gr.

##### *Pvingunarúrræði og afturköllun leyfa.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur og umráðamenn dýra sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Sveitarstjórn er heimilt að afturkalla skráningu dýra ef vanhöld verða á tryggingum eða greiðslu skráningargjalds sem og ef eigandi hefur brotið gegn samþykkt þessari. Einnig er heimilt að afturkalla allar skráningar telji sveitarfélagið það nauðsynlegt í þágu hollustuháttu og öryggis. Jafnframt getur sveitarfélagið, telji það og héraðsdýralæknir brýna þörf á, af sömu ástæðu bannað eða takmarkað gaeludýrahald í dreifbyli.

Skráðir eigendur eða umráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Ef skráður eigandi eða umráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur sveitarstjórn bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn.

Skráðum eiganda dýrs er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

#### 16. gr.

##### *Löggregluáðstoð.*

Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbyggðar getur ef þörf krefur leitað atbeina löggreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

#### 17. gr.

##### *Viðurlög og kæruheimild.*

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðuð er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um kæruheimildir fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 18. gr.

##### *Gildistaka.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 16/2013 um hundahald í Dalvíkurbyggð.

Nr. 1234

26. nóvember 2020

**Ákvæði til bráðabirgða.**

I.

Þær undanþágur frá banni við hundahaldi, sem veittar hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu.

II.

Þeim sem halda fleiri hunda en two þegar samþykktin tekur gildi er skylt að skrá þá innan sex mánaða og hafa þeir þá leyfi til að halda þá hunda á heimili sínu á meðan þeir lifa.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. nóvember 2020.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Steinunn Elna Eyjólfssdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2020